


Guttormur Jónsson Morgunblaðið/Árni Sæberg.

Valgarður Gunnarsson og Böðvar Björnsson sýna handmáluð ljóð eftir Böðvar, en þeir félagar hafa unnið þau í sameiningu. Myndirnar eru unnar í olíu, akríl og pastel. Á sýningu þeirra eru einnig u.þ.b. 40 myndir eftir Valgarð sem eru unnin í ýmis efni.

Á austurgangi sýnir Guttormur Jónsson skúlptúr, 29 verk sem hann hefur unnið úr tré, grjóti og trefjasteinsteypu. Guttormur stundaði nám í höggmyndadeild Myndlistaskóla Reykjavíkur á árunum 1978—1981. Hann er húsgagnasmiður að mennt. Þetta er fyrsta einkasýning hans, en hann hefur áður tekið þátt í samsýningum á Akranesi og í Reykjavík. Guttormur hefur mest unnið með tré, en er nú að gera tilraunir með trefjasteinsteypu, en það er blanda af steypu og trefjum, sem hann fékk úr Járnblendiverksmiðjunni. Guttormur sagði að mjög skemmtilegt væri að vinna með þetta efni og sagðist vera ákveðinn í að halda því áfram.

Um síðustu helgi var opnuð sýning Steinunnar Marteinsdóttur í austursal Kjarvalsstaða. Þar sýnir Steinunn verk úr leir og postulíni.

Þessar sýningar standa allar til 25. nóvember og er opið alla daga frá kl. 14—22.

Vetrarfundur um málefni raf- og hitaveitna

SAMEIGINLEGUR vetrarfundur Sambands íslenskra rafveitna og Sambands íslenskra hitaveitna verður haldinn í Reykjavík dagana 15. og 16. nóvember nk.

Á fundinum verða tekin fyrir margvísleg mál sem snerta annars vegar raforkufyrirtæki og hins vegar hitaveitur landsins auk þeirra mála sem sameiginleg eru fyrir orkuveitur landsins.

Meðal sameiginlegra mála eru tolla- og skattamál. Lögð verður fram ný húshitunarspá til ársins 2015. Þá verður rætt um samnýtingu hitaorku og raforku. Hitaveiturnar munu ræða sölufyrirkomulag hitaveitna, sölumælingar og reglugerðir hitaveitna.

Raforkufyrirtækin munu taka fyrir stöðugleika Landsvirkjunarkerfisins og afhendingaröryggi raforku, hönnunarforsendur raforkukerfis í þéttbýli og athugun Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar á aðferðum við álagsspá í raforkukerfinu. Þá verður rætt um gjaldskrármál raforkufyrirtækja, bæði niðurstöður alþjóðafunda og norrænna funda rafveitna og kostnaðarréttar gjaldskrár raforkufyrirtækja.

Í fundinum taka þátt fulltrúar hitaveitna og raforkufyrirtækja landsins ásamt þeim opinberu stofnunum sem hafa raforkumál á sinni könnu.

Er þetta öðru sinni sem SÍR og SÍH þinga saman um orkuveitumál.

(Fréttatilkynning.)

Sterkur og hagkvæmur auglýsingamiðill!
Morgunblaðið



Verið velkomin að líta inn
í verslun okkar á Smiðjuvegi 2
i Kópavogi
og kynnast SALIX að eigin raun.

Ný innréttuð verslun, sem full er
af góðum húsgögnum.

trésmiðjan viðir hf
HÚSGAGNAVERSLUN
SMIÐJUVEGI 2 — KÓPAVOGI SÍMI 45100

DYNGJAN

JÓRUNN KARLSDÓTTIR



Karlaáhrif

Stórir, þægilegir jakkar. Vel sniðnar buxur. Einfaldar skyrtur. Silkivasaklútur og endahnúturinn, breitt bindi. Þetta haust og vetur leitar vel klædda konan fanga í karlmannafatnaði og er ófeimin að velja sér það bezta þaðan.



Jakkaföt úr súkkulaðibrúnu ullarefni, tvíhnepptur jakki og djúpar fellingar á buxum. Ryðrauð og beinhvít röndótt silkiblússa og brúnmunstrað bindi við.

Brún- og grænlitaður köflóttur ullarjakki með leðurskreytingum framan á ermum og á vösum. Beinhvít bómullarskyrta með vösum og tvöföldum kraga, ryðbrúnt munstrað silkibindi með nælu og punkturinn yfir i-ið, mjúkur filthattur í sama lit og bindið.

HANDAVINNUPOKINN



Öðruvísi borðmotta með vasa fyrir hnífapör

Efni: Mottuna má búa til úr einlitu strigaefni eða einhverju öðru sterku efni, 35×45 sm. Einnig má hafa hana tvöfalda með því að leggja saman 2 stk. af þunnu lérefti, og sauma saman röngu á móti röngu. Í vasann röndótt eða rósótt efni, 12×12 sm. Einnig þarf 210 sm skáband.

Rúnnið hornin á mottunni og bryddið með skábandinu. Rúnnið einnig tvö af hornunum á vasanum, og bryddið með skábandi allar 4 hliðarnar. Saumið vasann í eitt hornið á mottunni um 3 sm frá kantinum. Gerið tvo sauma niður eftir vasanum svo myndist þrjú hólf fyrir hnífapörin.

Þetta er í eina mottu og svo getið þið auðvitað búið til munnþurrkur úr sama efni, ca. 30×30 sm, bryddað með skáböndum eða sigsag-saum og búið til kögur ef efnið býður upp á það. Notið hugmyndaflugið. Upplagt til gjafa.